



## Fræðsla fjölmenningsdeildar VMST

Aneta Potrykus sótti fyrir hönd sveitarstjóra fræðslu fjölmenningsdeildar Vinnumálastofnunar. Hér eru punktar sem eru áhugaverðir og gætu haft þýðingu fyrir sveitarfélög.

- Á Norðurlöndunum hefur orðið skýr stefnubreyting í aðlögunarmálum – aukin áhersla er nú á virkni og þátttöku á vinnumarkaði fremur en eingöngu félagslegan stuðning.
- Í flestum löndunum eru aðlögunarúrræði formleg og oft skyldubundin, og fjárhagslegur stuðningur tengdur virkri þátttöku í námi, vinnu eða starfsþjálfun.
- Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í framkvæmd þessara úrræða – sérstaklega hvað varðar húsnæði, félagsþjónustu, tungumálanám og tengingu við vinnumarkað.
- Ísland er enn að móta heildstæða stefnu á þessu sviði og ný stefna fyrir árin 2025–2038 er í undirbúningi.
- Í skýrslunni var einnig fjallað um afkomendur innflytjenda (börn innflytjenda). Rannsóknir sýna að þessi hópur stendur almennt betur fjárhagslega en foreldrar þeirra, en þó er enn algengara að þau mæti hindrunum á vinnumarkaði, t.d. hærra atvinnuleysi, lægri launum eða störfum sem passa ekki við menntun. Fordómar í ráðningarferlum voru einnig nefndir sem mögulegur þröskuldur.

Eitt sem mér fannst sérstaklega áhugavert í samanburði Norðurlandanna er að í mörgum tilvikum eru málefni innflytjenda ekki lengur eingöngu hluti af félags- eða aðlögunarstefnu. Í mörgum smærri sveitarfélögum eru innflytjendur í auknum mæli einnig taldir lykilmáttur í byggðaþróun – bæði til að halda uppi íbúafjölda og styrkja vinnumarkaðinn. Með öðrum orðum snýst þetta ekki aðeins um integration policy heldur einnig um regional development policy til lengri tíma.

**Aneta Potrykus**